

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi virkjunarsvæðis Orkuveitu Reykjavíkur á Hellisheiði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss þann 21. desember 2004 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi virkjunar Orkuveitu Reykjavíkur á Hellisheiði.

Bæjarstjórn Ölfuss heimilar auglýsingu á tillögu að breytingu á samþykktu deiliskipulagi fyrir virkjun á Hellisheiði, samkvæmt 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum. Deiliskipulag þetta kemur í stað deiliskipulags sem samþykkt var af sveitarstjórn Ölfuss 24. júní 2004 og öðlaðist gildi 20. júlí 2004.

Ytri mörkum skipulagssvæðisins er ekki breytt. Gerðar eru breytingar á skipulaginu sem ná til 17 liða. Aðalbreytingar eru að skiljustöð A ofan Hellisskarðs færist til norðurs. Skiljustöð B færist einnig til norðurs, norður fyrir veg að Sleggjubeinsdal. Geymslusvæði fyrir tengingar á röralögnum verður við svæði sem var lagersvæði fyrir efni rétt við skiljustöð B. Lagnaleiðir eru settar fram eins og þær verða. Ákvæði Sveitarfélagsins Ölfuss um meðferð niðurrennslisvatns er komið inn á skipulagsuppráttinn.

Fyrir liggja byggingarskilmálar.
Skipulagið öðlast þegar gildi.

Þorlákshöfn, 11. maí 2005

Sigurður Jónsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.